



Ferð til Woods Hole í nóvember 1997

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-98-01

1998-1-13

Ferð til Woods Hole í nóvember 1997

Dagana 10.-14. nóvember 1997 átti sá sem þetta ritar vinnufund með dr. Richard S. Williams, Jr. hjá US Geological Survey. Við höfum í sameiningu tekið að okkur ritstjórn á kafla D í ritverkinu Satellite Image Atlas of Glaciers of the World sem er verið að gefa út hjá USGS (Professional Paper 1386) í 11 bindum.

Kafla D, sem kemur út í sér hefti, fjallar eingöngu um íslenska jökla. Þar mun verða fjallað um útbreiðslu jökla á landinu og hvernig þeir koma fyrir á myndum úr gervitunglum og einnig úr lofti og á jörðu niðri. Einnig verða þar kafla um breytingar á íslenskum jöklum á forsögulegum tíma sem og sögulegum, ágríp af rannsóknarsögu, sögu kortargerðar af íslenskum jöklum. Einnig verður þar svo til tæmandi listi yfir nöfn á íslenskum jöklum sem til eru í rituðu máli. Þar verða og töflur yfir landfræðilegar stærðir jöklanna (staðsetningu, flatarmál, lengd, hæðarbil og afstöðu til höfuðátta).

Gert er ráð fyrir að umrætt rit gæti komið út á þessu ári.

Í ofangreindri ferð var tækifærið notað til að flytja tvo klukkutíma fyrirlestra fyrir starfsmenn í rannsóknastofnunum í Woods Hole, annan um eldgos í Vatnajökli og eftirfylgjand hlaup haustið 1997 og hinn um breytingar á íslenskum jöklum og loftslagsbreytingar á þessari öld.

Áætlað er að R.S. Williams komi til Íslands undir vorið til áframhaldandi samstarfs um Satellite Image Atlas.

MÁ EKKI FJARLÆGJA